

Sjálfsmatsskýrsla Smáraskóla

2016 – 2017



Sjálfsmatsteymi: Anna María Skúladóttir, Arnar Ævarsson, Geir Sverrisson, Hrefna Björg Óskarsdóttir, Jafet Egill Gunnarsson og Magnús Orri Sæmundsson.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Markmið og tilgangur matsins.....	5
Aðferðir og framkvæmd matsins.....	6
Samantekt og ábendingar	17
Mat á aðgerðum 2015 – 2016	20
Umbótaáætlun 2016 2017	26
<i>Fylgiskjöl</i>	
Matsfundur	32
Niðurstöður broskallakönnunar (2. Bekkur)	47
Skólapúlsinn niðurstöður og samanburður viðmiða.....	52

Inngangur

Samkvæmt lögum frá árinu 1995 er öllum skólum skylt að gera markvissar sjálfsmatskannanir á helstu þáttum skólafaransins. Í þessari áfangaskýrslu um sjálfsmat Smáraskóla er gerð grein fyrir sjálfsmatsaðferðum skólans frá haustinu 2016 til loka skólaársins 2017. Tilgangur með matinu er að auka skilvirkni í umbótastarfi skólans. Matið er árangursmiðað þar sem upplýsingar og niðurstöður eru nýttar til að endurskipuleggja og bæta skólafarfið. Nemendakönnun var lögð fyrir 2. og 4. bekk í maí 2017. Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. til 10. bekk og dreifðist sú könnun yfir skólaárið. Könnun Skólapúlsins var einnig lögð fyrir foreldra Smáraskóla í febrúar 2017. Niðurstöður þeirra kannana eru kynntar og ræddar á kennarafundum um leið og þær berast. Unnið var vel úr niðurstöðum samræmdra prófa og heildarútkoman kynnt á kennarafundi. Niðurstaða einstakra þátta og hvers nemanda var skoðuð vel og úrbætur gerðar þar sem þörf var á. Einnig var rýnt í niðurstöður annarra prófa og markvisst unnið með úrbætur, m.a. í sérkennslu. Unnin hafa verið viðmið varðandi árangur á prófum en einnig er stuðst við viðmið frá Menntamálastofnun. Lestrarpróf og skimanir eru notuð til að kanna stöðu nemenda í lestri. Starfsmannaviðtöl eru einnig grundvöllur úrbóta og fara þau fram í febrúar/mars ár hvert. Samráðsfundur starfsfólks um úrbætur vegna niðurstaðna úr Skólapúlsinum var í nóvember 2016. Niðurstöður úr þeirri vinnu voru dregnar saman og kynntar á kennarafundi í febrúar.

Um skólann

Smáraskóli er heildstæður grunnskóli fyrir börn á aldrinum 6 - 16 ára. Skólaárið 2016-2017 voru í skólanum um 400 nemendur í 17 bekkjardeildum. Við skólann starfa 68 starfsmenn. Stjórn skólans samanstendur af skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, deildarstjóra yngra stigs (1. – 5. bekkur) og deildarstjóra unglingastigs 6.-10. bekkur. Stjórnunarteymi skólans fundar einu sinni í viku, stundum oft.

Kennarafundir eru haldnir á sex vikna fresti og oftast ef þurfa þykir. Starfsmannafundir eru einnig haldnir reglulega yfir skólaárið. Skólaráð er kallað á fund stjórnenda a.m.k. 7 sinnum á hverju skólaári. Foreldrafélag starfar einnig við skólann. Deildarafundir og teymisfundir eru á þriggja vikna fresti og nemendaverndarráðsfundir hálfsmánaðarlega. Eineltisteymi fundar einu sinni í mánuði og oftast ef þurfa þykir. Sérkennarar funda einu sinni í mánuði. Nokkur teymi eru starfandi við skólann s.s. heilsuteymi sem sér um verkefnið *Heilsueflandi grunnskólar*, Umhverfisteymi sem vinnur að verkefninu *Skólar á grænni grein*, Uppeldi til ábyrgðar teymi, læsisteymi, sjálfsmatsteymi og teymi sem heldur utan um innleiðingu á spjaldtölvum við skólann. Skólinn er þátttakandi í svokölluðu vinaliðaverkefni sem gengur út á að hvetja nemendur til meiri þátttöku í afþreyingu í frímínútunum og skapa betri skólaanda. Kennsla er virka daga frá kl. 8:10-14:30. Smáraskóli er við Dalsmára 1 í Kópavogi. Skrifstofan er opin mánundaga til fimmtudaga frá kl. 7:45-15:30 en á föstudögum frá 7:45-15:00, sími 441 4800, netfang: ritari@kopavogur.is og heimasíða skólans er <http://www.smaraskoli.is>. Heimasíða Smáraskóla er mikilvægur miðill til að koma upplýsingum til foreldra og annarra. Lögð er áhersla á að hún sé lifandi og að þar birtist nýjustu fréttir af skólafarfinu. Einnig er skólinn með Facebook síðu þar sem nálgast má upplýsingar og myndir tengdar skólafarfinu. Skólinn notar vefkerfið Mentor sem gerir nemendum og forráðamönnum nemenda kleift að nálgast upplýsingar um ástundun, heimanám og fleira.

Stefna, áherslur og markmið

Smáraskóli er framsækinn skóli, sem byggir á gömlum gildum. Í daglegu starfi skólans er menntun og mannrækt höfð að leiðarljósi. Einkunnarorð skólans eru virðing, vöxtur, vizka og

víðsýni. Í skólastarfinu reynir á faglegt frumkvæði, gleði, hugmyndaauðgi, sveigjanleika og velvilja. Við skólann starfa metnaðarfullir og traustir starfsmenn sem vilja að börnin í skólanum nái framúrskarandi árangri á öllum sviðum mannlífsins. Við, sem störfum hér berum ábyrgð, höfum trú hvert á öðru og því sem við gerum. Stefnumörkun eða sýn verður ekki að leiðarljósi skóla við það eitt að vera sett á blað. Stefnan er það sem einstaklingarnir hugsa og hún verður ekki sameiginleg hópi kennara, hvað þá heilu skólasamfélagi, nema meirihlutinn sé henni samþykktur, geri hana að sinni og fylki sér um þau gildi sem hún byggir á. Þannig skapast hollusta og skuldbinding fagmanns við starf sitt. Það sem fær hann til að leggja sig varanlega fram er sú innri umbun sem veitir honum ánægjuna af því að tilheyra samfélagi fagmanna sem stefnir að sameiginlegu marki, sjá bættan árangur af starfi og sjá eigin menntasýn verða að veruleika.

Starfsáætlun Smáraskóla varðandi nám og kennslu tekur mið af því að í skólastarfi á að ríkja fjölbreytni í vinnubrögðum og við val á kennsluaðferðum og viðfangsefnum sé tekið tillit til markmiða sem stefnt er að, aldurs, þroska og getu nemenda sem í hlut eiga hverju sinni, eðlis viðfangsefnis og námsumhverfis. Kennarar bera faglega ábyrgð á að velja heppilegustu leiðirnar til að ná markmiðunum.

Nám og kennsla miðar að því að ná tilteknum markmiðum, bæði þeim sem grunnskólalög og aðalnámskrá kveða á um og þeim sem nemendur, kennarar og skólinn setja sér. Skýr markmið eru forsenda þess að nemendur taki sjálfir frumkvæði og ábyrgð á eigin námi og vinni sjálfstætt. Val á kennsluaðferðum og skipulag skólastarfs miðast við þá skyldu grunnskóla að sjá hverjum nemanda fyrir bestu tækifærum til náms og þroska. Við val á kennsluaðferðum er haft í huga hvernig þær falla að viðfangsefnum og þjóna þeim markmiðum sem stefnt er að hverju sinni.

Leitast er við að kennslan taki mið af þörfum og reynslu einstakra nemenda og efli með þeim námfýsi og vinnugleði. Lögð er áhersla á fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum sem taka mið af mismunandi þroska og getu nemenda. Leitast er við að auka þekkingu nemenda og færni og byggja upp sem heilsteypasta sjálfstæða einstaklinga með trausta menntun og þjálfun til að takast á við frekara nám. Áhersla er lögð á virkni nemenda í námi og að nemendum séu kennd vinnubrögð við að afla sér þekkingar.

Skólanámskrá og starfsáætlun Smáraskóla eru gefnar út og kynntar á vef skólans.

Endurskoðun skólanámskrár og starfsáætlunar fer fram árlega og sjá starfsmenn skólas um endurskoðunina. Afmarkaðir hlutar hennar taka breytingum árlega, og gæti sú vinna tengst að hluta til innra mati á skólastarfinu, á meðan sumt breytist lítið sem ekkert. Stefnt er að því að endurskoðun skólanámskrár og starfsáætlunar sé lokið í september ár hvert svo hægt sé að senda þær til skólaráðs, fræðslufirvalda og annarra er málið varðar.

Í skólanámskrá er að finna nánari lýsingu á námi og kennslu í hverjum árgangi. Skólanámskrá er unnin af starfsfólki skólans. Ákvæði um skólanámskrá er í grunnskólalögum og Aðalnámskrá grunnskóla. Skólanámskrá er skrifleg, rökstudd lýsing á því sem gert er og gera á í skólanum og þarf að vera í sífelldri endurskoðun. Samvinna starfsfólks við gerð skólanámskrár er mjög mikilvægur liður í skólastarfinu. Skólanámskrá eykur líkur á að því að samfella verði í öllu námi og þar með að allt skólastarf verði árangursríkara. Hún er grunnur undir þróunarstarf og mat á skólastarfi en einnig nauðsynlegt upplýsingarit fyrir alla þá er starfið í skólanum varðar.

Starfsáætlun skólans er endurskoðuð árlega. Hún fjallar almennt um það starf sem fer fram innan skólans, hagnýtar upplýsingar, skólareglur, samstarf heimila og skóla, hvaða hlutverki hver og einn gegnir, helstu viðburði, ráð og nefndir og námsmat svo fátt eitt sé nefnt.

Í vetur hélt Smáraskóli áfram vinnu við verkefnið *Skólar á grænni grein* en okkur hlotnaðist sá heiður að flagga Grænfánanum í annað sinn við skólaslit þann 8. júní 2016. Umhverfisteymi skólans hafði umsjón með verkefninu. Teymið hélt reglulega fundi stjórnaði fundum umhverfisnefndar skólans sem í sitja fulltrúar nemenda, foreldra, kennara stjórnenda og húsvörður. Þemu að þessu sinni voru tvö, Lýðheilsa og átthagar auk þess sem endurmat og eftirfylgni var með því sem þegar hafði áunnist t.d. varðandi flokkun, endurvinnslu og orkusparnað. Allir nemendur skólans unnu verkefni tengd átthögum og Lýðheylsu og tóku þátt í viðburðum tendum þessum þemum. Útikennsludagar að vori voru tileinkaðir umhverfismálum og unnu allir nemendur verkefni sem tengdust umhverfinu á einhvern hátt.

Smáraskóli tekur þátt í verkefninu *Heilsueflandi grunnskólar*. Meðal markmiða heilsueflandi skóla er að stuðla að góðri heilsu og líðan nemenda og starfsfólks og bæta námsárangur nemenda. Í skólanum er starfandi heilsuteymi sem stýrir þessari vinnu. Einnig tók skólinn þátt í verkefnum eins og *Gengið í skólann*, *Norræna skólahlaupinu* og *Lífshaupinu*.

Umbætur frá síðustu matsskýrslu

Þeir þættir sem teknir voru út á síðasta skólaári til að vinna með á þessu skólaári voru eftirtaldir:

- Áhugi nemenda á lestri.
- Bætt samskipti nemenda og kennara.
- Eineltismál – eitt eineltismál er einu of mikið.
- Ímynd skólans út á við, sérstaklega í foreldrasamfélaginu.

Eineltismál

Smáraskóli starfar eftir viðbragðsáætlun gegn einelti. Í skýrslunni kemur fram að starfsmönnum skólans beri ávallt skylda til að hafa vökul augu gagnvart einelti. Starfsfólk skólans er hvatt til að vera sýnilegt á skólalóðinni sem og innan skólans. Hafa ber í huga að allir nemendur á öllum stigum skólans koma öllum við. Haldið var áfam að vinna með vinaliðaverkefnið en markmið þess er að hvetja nemendur til meiri þátttöku í afþreyingu í frímínúttunum og skapa þar með betri skólaanda. Vinaliðarnir koma úr 4.- 7. bekkur en allir mega taka þátt í leikjunum.

Bætt samskipti nemenda og kennara

Mælt var til að kennarar tækju einstaklingsviðtöl við hvern nemanda á skólaárinu til að kanna líðan og gengi í skólanum. Leiðsagnarmat var lagt fyrir nemendur í október og niðurstöður úr þeim notaðar áfram í viðtölum í febrúar. Og eins og áður sagði var starfsfólk hvatt til að vera sýnilegt og hafa í huga að allir nemendur á öllum skólastigum koma þeim við. Áfram var unnið eftir hugmyndafræði uppeldi til ábyrgðar.

Áhugi nemenda á lestri.

Áfram var unnið að því að efla áhuga nemenda á lestri m.a. með því að fá til okkar rithöfunda sem lásu úr verkum sínum og ræddu við nemendur. Haldið var áfram með yndislesturinn á unglíngastigi og lesnæðisstundirnar á yngri stigum.

Virk þátttaka nemenda í tímum

Áform voru um ýmsar aðgerðir til að auka þátttöku nemenda í tímum, svo sem fleiri

skipulagðar kappræður í tímum og nemendaping eldri bekkja. Ekki komust þessi áform þó til framkvæmda á skólaárinu.

Kaflí 2

Markmið og tilgangur matsins

Í matsteymi skólans skólaárið 2016-2017, Anna María Skúladóttir, Geir Sverrisson, Magnús Orri Sæmundsson, Hrefna Björg Óskarsdóttir, Arnar Ævarsson. Teymið fundaði á mánudögum tvisvar í mánuði að meðaltali.

Geir vinnur að nánari útfærslu á framkvæmd kannana á haustmisseri og leggur svo þessar kannanir fyrir. Það er svo í hlutverki teymisins að safna gögnum, flokka þau og skrá. Ábendingar og úrbætur eru unnar í samvinnu við kennara og aðra starfsmenn skólans. Teymið vinnur sjálfsmatsáætlun fyrir skólaárið sem er að líða, vinnur kynningargögn, kynnur fyrir kennurum, starfsmönnum og skólaráði. Þegar umræðu er lokið er áætlunin og niðurstöður kynntar á heimasíðu skólans.

Matið byggir að miklu leyti á **Skólapúlsinum** þar sem allir nemendur í 6. til 10. bekk svara spurningum einu sinni yfir skólaárið. Auk nemendakönnunar eru kannanir lagðar fyrir foreldrar og starfsmenn annað hvert ár og í ár var það foreldrakönnun. Í framhaldi af þessum könnunum eru síðan unnin viðmið um hvaða niðurstöður við teljum vera í lagi og hverjar ekki.

Metnaður skólans er sá að allar athugasemdir séu teknar alvarlega. Við skoðun á niðurstöðum úr Skólapúlsinum þá berum við okkur saman við landsmeðaltal og skóla af svipuðum nemendafjölda. Við höfum ekki síður metið árangur í einstökum matsþáttum með því að bera saman niðurstöður skólans frá einu ári til annars og búið til okkar eigin viðmið til að meta árangur. Einnig hafa opnar spurningar nýst okkur vel.

Leitast er við að niðurstöður kannanna séu alltaf kynntar jafn óðum fyrir skólaráði, kennurum og á heimasíðu skólans. Unnið er með niðurstöður samræmdra prófa og heildarútkoman kynnt á heimasíðu skólans. En niðurstæða einstakra þátta og hvers nemanda er einnig skoðuð vel og úrbætur gerðar þar sem þörf krefur. Einnig er rýnt í niðurstöður annarra prófa og markvisst unnið með úrbætur, m.a. í sérkennslunni. Unnin hafa verið viðmið varðandi árangur á prófum. Lestrarpróf og skimanir eru notuð til að kanna stöðu nemenda í lestri og hafa viðmið þar verið endurskoðuð nýlega og kröfur auknar. Starfsmannaviðtöl eru einnig grundvöllur úrbóta og fara þau fram í febrúar/mars ár hvert.

Skólaárið 2016 – 2017 voru fjórir þætti skoðaðir. Einelti er þáttur sem að alltaf þarf að vera ofarlega í allri umræðu í skólastarfinu. Við vildum einnig sjá hvernig við stæðum okkur í kennslu í lestri og hvað við gætum gert betur. Við höfðum áhuga á að skoða og bæta samskipti nemenda og kennara og einnig vakti athygli að nemendur virðast ekki upplifa sig sem virka þátttakendur í tímum, samanborið við aðra skóla og vildum við ráða bót á því.

Vegna þessa að viðunandi árangur hefur ekki náðst þá verða flestir þessir þættir áfram til skoðunar skólaárið 2017-2018 ásamt því að fara í áttak við að gera ímynd skólans jákvæðari eftir að rýnt var í niðurstöður foreldrakönnunar, þar sem fram kom lítil ánægja með nám og kennslu í skólanum, samskipti starfsfólks við nemendur og úrvinnslu skólans á eineltismálum, svo eitthvað sé nefnt. Það vekur athygli að sýn foreldra á skólastarfið virðist í sumum tilfellum ekki í takt við upplifun nemenda sjálfra, en nokkurs ósamræmis gætir í niðurstöðum

foreldra- og nemendakönnunar. Hugsanlega má því líta svo á að vinna þurfi með ímynd skólans í hugum foreldra.

Kaflí 3

Aðferðir og framkvæmd matsins

Gögn sem liggja til grundvallar sjálfsmatsins eru sambland af meginlægum og eigindlegum gögnum. Gögnun er aflað í formi spurningarlista á tölvutæku- og pappírformi, vinnufunda þar sem vinnuhópar fjalla um afmörkuð efni og í formi einstaklingsviðtala og óformlegra samtala við foreldra. Einnig mynda fyrirbyggjandi gögn s.s. samræmd próf og aðrar námsniðurstöður grunn að úrvinnslu sjálfsmats-áætlunar.

Eftirfarandi atriði liggja til grundvallar matsins:

- **Skólapúlsinn;** lagður fyrir allar nemendur 6. – 10. bekkjar. Niðurstöður yfirfarnar af matsteymi jafnóðum og þær berast. Niðurstöður kynntar á kennarafundi og skólaráðsfundi.
- **Forelrakönnun;** Lögð fyrir í febrúar.
- **Nemendakönnun yngri;** spurningalisti á tölvutæku formi þar sem valmöguleikar eru í formi broskarla. Lagt fyrir nemendur í 2. bekk á skólatíma.
- **Matsfundur starfsmanna;** fundur starfsmanna þar sem hver og einn starfsmaður kynnti það sem honum þætti gott og það sem mætti betur fara. Niðurstöður teknar saman.
- **Starfsmannaviðtöl;** við framkvæmd lögbundinna starfsmannaviðtala stjórnenda koma fram atriði sem hafa áhrif á starfsskipulag og úrbótaáætlun, s.s. dagatal, stundaskrár og áherslur komandi skólaárs.
- **Leiðsagnarmat** – lagt fyrir nemendur fyrir fyrsta foreldraviðtal í október/nóvember. Matið tekið aftur upp til endurskoðunar í einstaklingsviðtölum á vorönn.
- **Einstaklingsviðtöl** við nemendur í öllum árgöngum skólans.

Sérkennarar skólans og umsjónarkennarar sameinast um hvaða kannanir og próf eru lögð fyrir nemendur og hvenær. Sérkennarar skólans, sálfræðingur og/eða aðrir sérfræðingar annast einstaklingsgreiningar eftir þörfum, t.d. í lestri, stafsetningu, stærðfræði, atferlisathugun, greindarpróf og málþroskaathugun, samkvæmt skriflegum beiðnum, undirskrifað af forráðamönnum og skólastjóra.

Að auki eru eftirfarandi próf og kannanir lagðar fyrir í Smáraskóla

1.bekkur

Stafakönnun 1. bekkur (einstaklingsathugun), er lögð fyrir alla nemendur í skólabyrjun. Sérkennari leggur könnunina fyrir. Umsjónarkennarar fá skriflegar niðurstöður um árangur. Út frá árangri fá nemendur lesefni við hæfi. Sérkennari raddlestrarprófar þá nemendur sem eru farnir að lesa.

Leið til læsis (hópróf) lesskímunarpróf, er lagt fyrir alla nemendur í október. Sérkennari og umsjónarkennari, sem hefur réttindi á prófið, leggja prófið fyrir og fara yfir það. Niðurstöður eru sendar rafrænt á Námsmatsstofnun sem reiknar út árangur og sendir, á rafrænuformi, til baka niðurstöður um árangur. Út frá niðurstöðum er nemendum ráðað í vinnuhópa þar sem unnið er með málörvun, hljóðkerfisvitund, hljóðavitund og aðra þætti í lestrarferlinu.

Lestrarkannanir (einstaklingpróf). Allir nemendur árgangsins sem náð hafa tókum á lestri fara í raddlestrarpróf í janúar og að vori (1. bekkur vorpróf). Sérkennari sér um að raddlestrarprófa. Umsögn er gefin í fjölda lesinna atkvæða á mínútu. Nemendur sem ekki eru farnir að lesa eru prófaðir á annan hátt. T.d. með stafakönnun og/eða hljóðfærniþrófi.

Lesskílningspróf. Í janúar og maí er lesskílningspróf lagt fyrir nemendur sem farnir eru að lesa til atkvæða. A.m. k. þrjú próf eru í gangi og fá nemendur próf miðað við fjölda lesinna atkvæða á mínútu. Umsjónarkennari leggur prófið fyrir og fer yfir það. Umsögn er gefin í fjölda réttra atriða miðað við heildarfjölda þátta.

Hlustunarskílningspróf. Allir nemendur árgangsins taka hlustunarskílningspróf í maí. Umsjónarkennari leggur prófið fyrir og fer yfir það. Umsögn er gefin í fjölda réttra atriða miðað við heildarfjölda þátta.

Stærðfræðiþróf, er lagt fyrir nemendur í janúar og maí. Umsjónarkennari leggur prófið fyrir og fer yfir það.

Samskiptakönnun. Lögð fyrir eftir þörfum. Umsjónarkennari, deildarstjóri eða námsráðgjafi leggur könnunina fyrir.

Málþroskapróf, TOLD 2P (staðlað próf). Prófið metur m.a. málþroska, málskílning og máltjáningu. Lagt fyrir einstaka nemendur af talmeinafræðingi eða sérkennara samkvæmt beiðni frá umsjónarkennara/sérkennara og með samþykki forráðamanna.

Hljóðfærniþróf (einstaklingsathugun). Í maí er hljóðfærniþróf lagt fyrir nemendur í áhættu hvað varðar lestrarörðugleika. Umsjónarkennari og sérkennari koma með ábendingu um hverjir ættu að fara í prófið. Sérkennari leggur prófið fyrir ef forráðamenn og skólastjóri samþykkja prófun. Sérkennari fer yfir prófið. Niðurstöður eru sendar rafrænt á Námsmatsstofnun sem reiknar út árangur og sendir, á rafrænuformi, til baka niðurstöður um árangur. Þegar niðurstöður liggja fyrir eru forráðamenn boðaðir í viðtal til sérkennara og umsjónarkennara þar sem farið er yfir niðurstöður og þeim boðið námsefni til að vinna með börnum sínum um sumarið.

Skólinn notast bæði við hefðbundið námsmat og einnig símat. Námsmat er skráð í Mentor og foreldrar fá munnlegan vitnisburð um árangur barna sinna í viðtölum í janúar/febrúar og skriflegan vitnisburð við skólaslit.

2.bekkur

Lestrarkannanir (einstaklingspróf). Allir nemendur taka raddlestrarpróf a.m.k. þrisvar sinnum á skólaárinu, þ.e. í september, janúar og maí. Sérkennari sér um að raddlestrarprófa. Umsögn er gefin í fjölda lesinna atkvæða á mínútu.

Lesskilningspróf. Í janúar og maí er lesskilningspróf lagt fyrir nemendur . A.m. k. þrjú próf eru í gangi (próf unnin í skólanum) og fá nemendur próf miðað við fjölda lesinna atkvæða á mínútu. Umsjónarkennari leggur prófið fyrir og fer yfir það. Umsögn er gefin í fjölda réttra atriða miðað við heildarfjölda þátta.

Hlustunarskilningspróf. Allir nemendur taka hlustunarskilningspróf (próf samið í skóla) í maí. Umsjónarkennari leggur prófið fyrir og fer yfir það. Umsögn er gefin í fjölda réttra atriða miðað við heildarfjölda þátta.

Stærðfræðipróf (Sprotapróf), er lagt fyrir nemendur í janúar og maí. Umsjónarkennari leggur prófið fyrir og fer yfir það.

Íslenskupróf (málfræði), er lagt fyrir nemendur í janúar og maí. Umsjónarkennari leggur prófið fyrir og fer yfir það.

Aston Index stafsetning stakra orða eftir upplestri fyrir 2. bekk. Sérkennari leggur prófið fyrir alla nemendur í skólabyrjun og les úr niðurstöðum. Nemendum er raðað í viðmiðunarhópa, frá 5 – 1, eftir árangri. Í apríl er prófið lagt aftur fyrir nemendur sem fóru í viðmiðunarhópa 1 og 2. Umsjónarkennari ber ábyrgð á að upplýsingar berist forráðamönnum.

Málproskapróf, TOLD 2P (staðlað próf). Prófið metur m.a. málproska, málskilning og máltjáningu. Lagt fyrir einstaka nemendur af talmeinafræðingi samkvæmt beiðni frá umsjónarkennara/sérkennara og með samþykki forráðamanna.

Samskiptakönnun. Lögð fyrir eftir þörfum. Umsjónarkennari, deildarstjóri eða námsráðgjafi leggur könnunina fyrir.

Talnalykill, staðlað próf í stærðfræði eða önnur greinandi próf í stærðfræði. Um er að ræða bæði hóppróf og einstaklingspróf. Prófin er lögð fyrir eftir þörfum. Sérkennari eða kennari með réttindi leggur prófið fyrir og fer yfir það.

Skólinn notast bæði við hefbundið námsmat og einnig símat. Námsmat er skráð í Mentor og foreldrar fá munnlegan vitnisburð um árangur barna sinna í viðtölum í janúar/febrúar og skriflegan vitnisburð við skólaslit.

3.bekkur

Lestrarkannanir (einstaklingspróf). Allir nemendur taka raddlestrarpróf a.m.k. þrisvar sinnum á skólaárinu, þ.e. í september, janúar og maí. Sérkennari sér um að raddlestrarprófa. Umsögn er gefin í fjölda lesinna atkvæða á mínútu.

Lesskilningspróf. Í janúar og maí er lesskilningspróf lagt fyrir nemendur . A.m. k. þrjú próf eru í gangi (tvö próf unnin í skólanum og Orðarún fyrir 3. bekk) og fá nemendur próf miðað við fjölda lesinna atkvæða á mínútu. Umsjónarkennari leggur prófið fyrir og fer yfir það. Umsögn er gefin í fjölda réttra atriða miðað við heildarfjölda þátta.

Hlustunarskilningspróf. Allir nemendur taka hlustunarskilningspróf (próf samið í skóla) í maí. Umsjónarkennari leggur prófið fyrir og fer yfir það. Umsögn er gefin í fjölda réttra atriða miðað við heildarfjölda atriða.

Stærðfræðipróf (Sprotapróf), er lagt fyrir nemendur í janúar og maí. Umsjónarkennari leggur prófið fyrir og fer yfir það.

Aston Index stafsetning stakra orða eftir upplestri fyrir 3. bekk. Sérkennari leggur prófið fyrir alla nemendur í skólabyrjun og les úr niðurstöðum. Nemendum er raðað í viðmiðunarhópa, frá 5 – 1, eftir árangri. Í apríl er prófið lagt aftur fyrir nemendur sem fóru í viðmiðunarhópa 1 og 2. Umsjónarkennari ber ábyrgð á að upplýsingar berist forráðamönnum.

Íslenskupróf (málfræði, stafsetning) er lagt fyrir í janúar og maí. Umsjónarkennari leggur prófið fyrir og fer yfir það.

Samskiptakönnun. Lögð fyrir eftir þörfum. Umsjónarkennari, deildarstjóri eða námsráðgjafi leggur könnunina fyrir.

Málproskapróf, TOLD 2P og 2I (staðlað próf). Prófið metur m.a. málþroska, málskilning og máltjáningu. Lagt fyrir einstaka nemendur af talmeinafræðingi samkvæmt beiðni frá umsjónarkennara/sérkennara og með samþykki forráðamanna.

Talnalykill, staðlað próf í stærðfræði eða önnur greinandi próf í stærðfræði. Um er að ræða bæði hóppróf og einstaklingspróf. Prófin er lögð fyrir eftir þörfum.

LOGOS lestrargreining (staðlað einstaklingspróf). LOGOS kannar meðal annars sértæka náms- og lestrarörðugleika. Í október eru nemendur skimaðir með þáttum úr Logos. Sérkennari sér um skimun og les úr niðurstöðum. Út frá niðurstöðum skimunar er unnin aðgerðaráætlun fyrir nemendur sem þeir síðan vinna út frá (nemendur eru staðsettir í lestrarhópa út frá niðurstöðum eða komið er með tillögu að námsvinnu sem nemendur vinna heima og í skóla). Skimun gefur einnig vísbendingu um hvort þörf er á fullri LOGOS greiningu fyrir einstaka nemendur.

Skólinn notast bæði við hefðbundið námsmat og einnig símat. Námsmat er skráð í Mentor og foreldrar fá munnlegan vitnisburð um árangur barna sinna í viðtölum í janúar/febrúar og skriflegan vitnisburð við skólaslit.

4. bekkur

Lestrarkannanir (einstaklingspróf). Allir nemendur taka raddlestrarpróf a.m.k. þrisvar sinnum á skólaárinu, þ.e. í september, janúar og maí. Sérkennari sér um að raddlestrarprófa. Umsögn er gefin í fjölda lesinna atkvæða á mínútu.

Lesskilningspróf. Í janúar og maí er lesskilningspróf lagt fyrir nemendur. A.m. k. þrjú próf eru í gangi (tvö próf unnin í skólanum og Orðarún fyrir 4. bekk) og fá nemendur próf miðað við fjölda lesinna atkvæða á mínútu. Umsjónarkennari leggur prófið fyrir og fer yfir það. Umsögn er gefin í fjölda réttra atriða miðað við heildarfjölda þátta.

Hlustunarskilningspróf. Allir nemendur taka hlustunarskilningspróf (próf samið í skóla) í maí. Umsjónarkennari leggur prófið fyrir og fer yfir það. Umsögn er gefin í fjölda réttra atriða miðað við heildarfjölda þátta.

Stærðfræðipróf (Sprotapróf), er lagt fyrir nemendur í janúar og maí. Umsjónarkennari leggur prófið fyrir og fer yfir það.

Íslenskupróf (málfræði og stafsetning) er lagt fyrir í janúar og maí. Umsjónarkennari leggur prófið fyrir og fer yfir það.

Aston Index stafsetning stakra orða eftir upplestri fyrir 4. bekk. Sérkennari leggur prófið fyrir alla nemendur í skólabyrjun og les úr niðurstöðum. Nemendum er raðað í viðmiðunarhópa, frá 5 – 1, eftir árangri. Í apríl er prófið lagt aftur fyrir nemendur sem fóru í viðmiðunarhópa 1 og 2. Umsjónarkennari ber ábyrgð á að upplýsingar berist forráðamönnum.

Samræmd próf eru lögð fyrir 4. bekk í íslensku og stærðfræði í september. Farið er yfir niðurstöður prófanna og metið hvernig skal bregðast við árangri einstakra nemenda.

Málproskapróf, TOLD 2I (staðlað próf). Prófið metur m.a. málþroska, málskilning og máltjáningu. Lagt fyrir einstaka nemendur af talmeinafræðingi samkvæmt beiðni frá umsjónarkennara og með samþykki forráðamanna.

Viðhorfskannanir, svo sem tengslakannanir og/eða eineltiskannanir eru lagðar fyrir eftir þörfum. Umsjónarkennari, deildarstjóri eða námsráðgjafi leggur könnunina fyrir.

Talnalykill, staðlað próf í stærðfræði eða önnur greinandi próf í stærðfræði. Um er að ræða bæði hóppróf og einstaklingspróf. Prófin er lögð fyrir eftir þörfum.

LOGOS lestrargreining (staðlað einstaklingspróf). LOGOS kannar meðal annars sértæka náms- og lestrar örðugleika. Prófið er lagt fyrir einstaka nemendur samkvæmt beiðni frá umsjónarkennara og/eða forráðamanni með samþykki skólastjóra. Sérkennari leggur prófið fyrir og vinnur úr niðurstöðum.

Skólinn notast bæði við hefbundið námsmat og einnig símat. Námsmat er skráð í Mentor og foreldrar fá munnlegan vitnisburð um árangur barna sinna í viðtölum í janúar/febrúar og skriflegan vitnisburð við skólaslit.

5. bekkur

Lestrarkannanir.

Allir nemendur taka raddlestrarpróf a.m.k. þrisvar sinnum á skólaárinu, þ.e. í september, janúar og maí. Sérkennari sér um að raddlestrarprófa. Umsögn er gefin í lesnum atkvæðum á mínútu.

Lesskilningspróf. Í janúar og maí er lesskilningspróf lagt fyrir nemendur. A.m. k. þrjú próf eru í gangi (tvö próf unnin í skólanum og Orðarún fyrir 5. bekk) og fá nemendur próf miðað við fjölda lesinna atkvæða á mínútu. Umsjónarkennari leggur prófið fyrir og fer yfir það. Umsögn er gefin í fjölda réttra atriða miðað við heildarfjölda þátta.

Hlustunarskilningspróf. Allir nemendur taka hlustunarskilningspróf (próf samið í skóla) í maí. Umsjónarkennari leggur prófið fyrir og fer yfir það. Umsögn er gefin í fjölda réttra atriða miðað við heildarfjölda þátta.

Stærðfræðiþróf (Stikupróf), er lagt fyrir nemendur í janúar og maí. Umsjónarkennari leggur prófið fyrir og fer yfir það.

Íslenskupróf (málfræði, stafsetning, bókmenntir og ljóð) er lagt fyrir í janúar og maí. Umsjónarkennari leggur prófið fyrir og fer yfir það.

Aston Index stafsetning stakra orða eftir upplestri fyrir 5. bekk. Sérkennari leggur prófið fyrir alla nemendur í skólabyrjun og les úr niðurstöðum. Nemendum er raðað í viðmiðunarhópa, frá 5 – 1, eftir árangri. Í apríl er prófið lagt aftur fyrir nemendur sem fóru í viðmiðunarhópa 1 og 2. Umsjónarkennari ber ábyrgð á að upplýsingar berist forráðamönnum.

Málproskapróf, TOLD 2I (staðlað próf). Prófið metur m.a. málproska, málskilning og máltjáningu. Lagt fyrir einstaka nemendur af talmeinafræðingi eða sérkennara samkvæmt beiðni frá Umsjónarkennara.

Viðhorfskannanir, svo sem tengslakannanir, Ég og skólinn eða eineltiskannanir eru lagðar fyrir eftir þörfum. Umsjónarkennari, deildarstjóri eða námsráðgjafi leggur könnunina fyrir.

Talnalykill, staðlað próf í stærðfræði eða önnur greinandi próf í stærðfræði. Um er að ræða bæði hóppróf og einstaklingspróf. Prófin er lögð fyrir eftir þörfum.

LOGOS lestrargreining (staðlað einstaklingspróf). LOGOS kannar meðal annars sértæka náms- og lestrarörðugleika. Prófið er lagt fyrir einstaka nemendur samkvæmt beiðni frá Umsjónarkennara og/eða forráðamanni með samþykki skólastjóra. Sérkennari leggur prófið fyrir og vinnur úr niðurstöðum.

Skólinn notast bæði við hefbundið námsmat og einnig símat. Námsmat er skráð í Mentor og foreldrar fá munnlegan vitnisburð um árangur barna sinna í viðtölum í janúar/febrúar og skriflegan vitnisburð í við skólaslit.

6. bekkur

Lestrarkannanir. Allir nemendur taka raddlestrarpróf a.m.k. þrisvar sinnum á skólaárinu, þ.e. í september, janúar og maí. Sérkennari sér um að raddlestrarprófa. Umsögn er gefin í fjölda lesinna atkvæða á mínútu. Að vori er einnig gefin einkunn í tölustöfum.

Lesskilningspróf. Í janúar og maí er lesskilningsprófið Orðarún fyrir 6. bekk lagt fyrir nemendur. Umsjónarkennari leggur prófið fyrir og fer yfir það. Umsögn er gefin í fjölda réttra atriða miðað við heildarfjölda atriða.

Hlustunarskilningspróf. Allir nemendur taka hlustunarskilningspróf (próf samið í skóla) í maí. Umsjónarkennari leggur prófið fyrir og fer yfir það. Umsögn er gefin í fjölda réttra atriða miðað við heildarfjölda þátta.

Stærðfræðipróf (Stika), er lagt fyrir nemendur í janúar og maí. Umsjónarkennari leggur prófið fyrir og fer yfir það.

Íslenskupróf (málfræði, stafsetning, bókmenntir og ljóð) er lagt fyrir í janúar og maí. Umsjónarkennari leggur prófið fyrir og fer yfir það.

Aston Index stafsetning stakra orða eftir upplestri fyrir 6. bekk. Sérkennari leggur prófið fyrir alla nemendur í skólabyrjun og les úr niðurstöðum. Nemendum er raðað í viðmiðunarhópa, frá 5 – 1, eftir árangri. Í apríl er prófið lagt aftur fyrir nemendur sem fóru í viðmiðunarhópa 1 og 2. Umsjónarkennari ber ábyrgð á að upplýsingar berist forráðamönnum.

Málproskapróf, TOLD 2I (staðlað próf). Prófið metur m.a. málproska, málskilning og máltjáningu. Lagt fyrir einstaka nemendur af talmeinafræðingi samkvæmt beiðni frá umsjónarkennara eða sérkennara í samráði við forráðamenn.

Viðhorfskannanir; tengslakannanir og/eða eineltiskannanir eru lagðar fyrir eftir þörfum. Umsjónarkennari, deildarstjóri eða námsráðgjafi leggur könnunina fyrir.

Talnalykill, staðlað próf í stærðfræði eða önnur greinandi próf í stærðfræði. Um er að ræða bæði hóppróf og einstaklingspróf. Prófin er lögð fyrir eftir þörfum.

LOGOS lestrargreining (staðlað einstaklingspróf). LOGOS kannar meðal annars sértæka náms- og lestrar örðugleika. Prófið er lagt fyrir einstaka nemendur samkvæmt beiðni frá umsjónarkennara og/eða forráðamanni með samþykki skólastjóra. Sérkennari leggur prófið fyrir og vinnur úr niðurstöðum.

Skólinn notast bæði við hefbundið námsmat og einnig símat. Námsmat er skráð í Mentor og foreldrar fá munnlegan vitnisburð um árangur barna sinna í viðtölum í janúar/febrúar og skriflegan vitnisburð í við skólaslit.

7. bekkur

Lestrarkannanir. Allir nemendur taka raddlestrarpróf í janúar og maí. Sérkennari sér um að raddlestrarprófa. Umsögn er gefin í fjölda lesinna atkvæða á mínútu og einkunn í tölustöfum.

Lesskilningspróf. Í janúar og maí er lesskilningsprófið Orðarún fyrir 7. bekk lagt fyrir nemendur Umsjónarkennari leggur prófið fyrir og fer yfir það. Umsögn er gefin í fjölda réttra atriða miðað við heildarfjölda þátta.

Hlustunarskilningspróf. Allir nemendur taka hlustunarskilningspróf (próf samið í skóla) í maí. Umsjónarkennari leggur prófið fyrir og fer yfir það. Umsögn er gefin í fjölda réttra atriða miðað við heildarfjölda þátta.

Stærðfræðipróf (Stika), er lagt fyrir nemendur í janúar og maí. Umsjónarkennari leggur prófið fyrir og fer yfir það.

Íslenskupróf (málfræði, stafsetning, bókmenntir og ljóð) er lagt fyrir í janúar og maí. Umsjónarkennari leggur prófið fyrir og fer yfir það.

Aston Index stafsetning stakra orða eftir upplestri fyrir 7. bekk. Sérkennari leggur prófið fyrir alla nemendur í skólabyrjun og les úr niðurstöðum. Nemendum er raðað í viðmiðunarhópa, frá 5 – 1, eftir árangri. Í apríl er prófið lagt aftur fyrir nemendur sem fóru í viðmiðunarhópa 1 og 2. Umsjónarkennari ber ábyrgð á að upplýsingar berist forráðamönnum.

Málproskapróf, TOLD 2I (staðlað próf). Prófið metur m.a. málproska, málskilning og máltjáningu. Lagt fyrir einstaka nemendur af talmeinafræðingi samkvæmt beiðni frá umsjónarkennara eða sérkennara í samráði við forráðamenn.

Viðhorfskannanir; tengslakannanir og/eða eineltiskannanir eru lagðar fyrir eftir þörfum. Umsjónarkennari, deildarstjóri eða námsráðgjafi leggur könnunina fyrir.

Talnalykill, staðlað próf í stærðfræði eða önnur greinandi próf í stærðfræði. Um er að ræða bæði hóppróf og einstaklingspróf. Prófin er lögð fyrir eftir þörfum.

Samræmd próf eru lögð fyrir 7. bekk í íslensku og stærðfræði í september. Þegar niðurstöður liggja fyrir er staða nemenda metin. Farið er yfir niðurstöður prófanna og metið hvernig skal bregðast við árangri einstakra nemenda.

LOGOS lestrargreining (staðlað einstaklingspróf). LOGOS kannar meðal annars sértæka náms- og lestrar örðugleika. Prófið er lagt fyrir einstaka nemendur samkvæmt beiðni frá umsjónarkennara og/eða forráðamanni með samþykki skólastjóra. Sérkennari leggur prófið fyrir og vinnur úr niðurstöðum.

Skólinn notast bæði við hefbundið námsmat og einnig símat. Námsmat er skráð í Mentor og foreldrar fá munnlegan vitnisburð um árangur barna sinna í viðtölum í janúar/febrúar og skriflegan vitnisburð í við skólaslit.

8.bekkur

Lestrarkannanir. Allir nemendur taka raddlestrarpróf í janúar og maí. Sérkennari sér um að raddlestrarprófa. Umsögn er gefin í fjölda lesinna atkvæða á mínútu.

Lesskilningspróf. Í janúar og maí er lesskilningsprófið Orðarún fyrir 8. bekk lagt fyrir nemendur Umsjónarkennari leggur prófið fyrir og fer yfir það. Umsögn er gefin í fjölda réttra atriða miðað við heildarfjölda þátta.

Stærðfræðipróf er lagt fyrir nemendur í janúar og maí. Þess á milli eru kaflapróf lögð fyrir. Stærðfræðikennari leggur prófið fyrir og fer yfir það.

Íslenskupróf (málfræði, stafsetning, bókmenntir og ljóð, lesskilningur og hlustunarskilningur) er lagt fyrir í lotum og lokapróf í maí. Íslenskukennari leggur prófið fyrir og fer yfir það. Umsögn í tölustöfum er gefin eftir hverja lotu og heildareinkunn að vori.

Viðhorfskannanir; tengslakannanir og/eða eineltiskannanir eru lagðar fyrir eftir þörfum. Umsjónarkennari, deildarstjóri eða námsráðgjafi leggur könnunina fyrir.

Talnalykill, staðlað próf í stærðfræði eða önnur greinandi próf í stærðfræði. Um er að ræða bæði hóppróf og einstaklingspróf. Prófin er lögð fyrir eftir þörfum.

LOGOS lestrargreining (staðlað einstaklingspróf). LOGOS kannar meðal annars sértæka náms- og lestrar örðugleika. Prófið er lagt fyrir einstaka nemendur samkvæmt beiðni frá umsjónarkennara og/eða forráðamanni með samþykki skólastjóra. Sérkennari leggur prófið fyrir og vinnur úr niðurstöðum.

Skólinn notast bæði við hefbundið námsmat og einnig símat. Námsmat er skráð í Mentor og foreldrar fá munnlegan vitnisburð um árangur barna sinna í viðtölum í janúar/febrúar og skriflegan vitnisburð í við skólaslit.

9.bekkur

Lestrarkannanir. Nemendur sem lesa undir viðmiði eru raddlestrarprófaðir í september, janúar og maí. Sérkennari sér um að raddlestrarprófa. Umsögn er gefin í fjölda lesinna atkvæða á mínútu og einkunn í tölustöfum.

Stærðfræðipróf er lagt fyrir nemendur í janúar og maí. Þess á milli eru kaflapróf lögð fyrir. Stærðfræðikennari leggur prófið fyrir og fer yfir það.

Íslenskupróf (málfræði, stafsetning, bókmenntir og ljóð, lesskilningur og hlustunarskilningur) er lagt fyrir í lotum og lokapróf í maí. Íslenskukennari leggur prófið fyrir og fer yfir það. Umsögn í tölustöfum er gefin eftir hverja lotu og heildareinkunn að vori.

Viðhorfskannanir; tengslakannanir og/eða eineltiskannanir eru lagðar fyrir eftir þörfum. Umsjónarkennari, deildarstjóri eða námsráðgjafi leggur könnunina fyrir.

Talnalykill, staðlað próf í stærðfræði eða önnur greinandi próf í stærðfræði. Um er að ræða bæði hóppróf og einstaklingspróf. Prófin er lögð fyrir eftir þörfum.

LOGOS lestrargreining (staðlað einstaklingspróf). LOGOS kannar meðal annars sértæka náms- og lestrarörðugleika. Prófið er lagt fyrir einstaka nemendur samkvæmt beiðni frá umsjónarkennara og/eða forráðamanni með samþykki skólastjóra. Sérkennari leggur prófið fyrir og vinnur úr niðurstöðum.

Skólinn notast bæði við hefbundið námsmat og einnig símat. Námsmat er skráð í Mentor og foreldrar fá munnlegan vitnisburð um árangur barna sinna í viðtölum í janúar/febrúar og skriflegan vitnisburð í við skólaslit.

10. bekkur

Samræmd próf eru lögð fyrir í 10. bekk í september. Prófað er í íslensku, stærðfræði og ensku. Þegar niðurstöður liggja fyrir er staða nemenda metin. Farið er yfir niðurstöður prófanna og metið hvernig skal bregðast við árangri einstakra nemenda.

Stærðfræðipróf er lagt fyrir nemendur í janúar og maí. Þess á milli eru kaflapróf lögð fyrir. Stærðfræðikennari leggur prófið fyrir og fer yfir það.

Íslenskupróf (málfræði, stafsetning, bókmenntir og ljóð, lesskilningur og hlustunarskilningur) er lagt fyrir í lotum og lokapróf í maí. Íslenskukennari leggur prófið fyrir og fer yfir það. Umsögn í tölustöfum er gefin eftir hverja lotu og heildareinkunn að vori.

Viðhorfskannanir; tengslakannanir og/eða eineltiskannanir eru lagðar fyrir eftir þörfum. Umsjónarkennari, deildarstjóri eða námsráðgjafi leggur könnunina fyrir.

Áhugasviðskönnun; Er lögð fyrir nemdendur árgangsins. Námsráðgjafi leggur könnunina fyrir og vinnur úr henni.

Talnalykill, staðlað próf í stærðfræði eða önnur greinandi próf í stærðfræði. Um er að ræða bæði hóppróf og einstaklingspróf. Prófin er lögð fyrir eftir þörfum.

LOGOS lestrargreining (staðlað einstaklingspróf). LOGOS kannar meðal annars sértæka náms- og lestrarörðugleika. Prófið er lagt fyrir einstaka nemendur samkvæmt beiðni frá umsjónarkennara og/eða forráðamanni með samþykki skólastjóra. Sérkennari leggur prófið fyrir og vinnur úr niðurstöðum.

Nemendur sem greindir eru með leshömlun (dyslexíu) eru endurmetnir í 10. bekk.

Skólinn notast bæði við hefbundið námsmat og einnig símat. Námsmat er skráð í Mentor og foreldrar fá munnlegan vitnisburð um árangur barna sinna í viðtölum í janúar/febrúar og skriflegan vitnisburð í við skólaslit.

Viðmið í raddlestri að vori í Smáraskóla

- 1.bekkur = 45-60 atkv/mín
- 2.bekkur = 61-80 atkv/mín
- 3.bekkur = 140 atkv/mín
- 4.bekkur = 200 atkv/mín
- 5.bekkur = 220-300 atkv/mín
- 6.bekkur = 230-310 atkv/mín
- 7.-10.bekkur = 310-350 atkv/mín

Allir sem lesa yfir viðmið í árgangi teljast góðir lesarar. Hugað er að nemendum sem lesa undir viðmiði árgangs.

Aston Index - Stafsetning stakra orða eftir upplestri

Um er að ræða eitt próf fyrir hvern árgang í 2.– 7. bekk. Lesnar eru 20 setningar fyrir nemendur og eiga þeir að skrifa eitt ákveðið orð úr hverri setningu. Nemendum er skipt eftir árangri í fimm viðmiðunarhópa.

Taflan sýnir flokkun í viðmiðunarhóp miðað við villufjölda

Viðm. hóp.	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur
5	0	0	0	0	0	0
4	1	1	1	1	1	1
3	2-6	2-3	2-5	2-6	2-5	2-5
2	7-13	4-5	6-7	6-7	6-7	6-7

1	14-20	6-20	8-20	8-20	8-20	8-20
---	-------	------	------	------	------	------

- Viðmiðunarrhópur 1 á við þá nemendur sem teljast þurfa stuðningskennslu í réttitun.
- Viðmiðunarrhópur 2 á við þá nemendur sem þarf að gefa sérstakan gaum.

Kaflí 4.

Samantekt og ábendingar

Hér kemur kaflí um þá þætti sem teknir hafa verið út á þessu skólaári til að vinna með á því næsta (2017 – 2018).

- Ánægja nemenda af lestri
- Samband nemenda og kennara
- Virk þátttaka nemenda í tímum
- Mikilvægi heimavinnu í námi
- Agi í tímum
- Eineltismál – eitt eineltismál er einu of mikið.

Ánægja nemenda af lestri, þessi þáttur helst inni frá síðustu árum, þar sem við teljum við enn geta gert betur og viljum endilega ná enn betri árangri.

Samkvæmt Skólapúlsinum þyrftum við gera betur í að efla áhuga nemenda á lestri. Í vetur hefur verið unnin stefna skólans varðandi læsi og liggur sú stefna fyrir og verður unnið skv. henni á næsta skólaári.

Samband nemenda við kennara

Þessi þáttur er mældur á eftirfarandi hátt í Skólapúlsinum. Við komum ekki nógu vel út úr þessum þætti í fyrra en skv. könnuninni í ár koma fram vísbendingar um að við erum á rétttri leið en betur má ef dugar skal og þurfum því að fylgja eftir umbótaráætlun okkar til að ná árangri. Þær spurningar sem mæla þessa matsþætti eru:

- Nemendum semur vel við flesta kennara.
- Flestir kennarar eru áhugasamir um að nemendum líði vel.
- Flestir kennararnir mínir hlusta vel á það sem ég hef að segja.
- Ef mig vantar auka aðstoð þá fæ ég hana frá kennurunum mínum.
- Flestir kennararnir mínir eru sanngjarnir við mig.

Síðasta vetur voru tekin upp einstaklingsviðtöl við alla nemendur skólans sem gengu vel í upphafi en því miður náðist ekki að halda þeim út veturinn og huga þarf að því að halda þessum þætti inni til að tengsl kennara og nemenda sé gott. Einnig er mikilvægt að halda Uppeldi til ábyrgðar stefnunni sem við störfum eftir á lofti og vera meðal annars reglulega með bekkjarfundum. Þetta er gert til að efla tengsl nemenda við kennara og gefa fólki tækifæri til að efla kynnin enn betur. Starfsfólk þarf að gefa sig að öllum nemendum skólans og láta sig alla varða þannig myndum við góð tengsl á milli starfsmanna og nemenda.

Virk þátttaka nemenda í tímum

Við höfum ekki komið nógu vel út úr þessum þætti undanfarin ár og þurfum því að bæta okkur í þessum þætti. Þær spurningar sem mæla þessa matsþætti eru:

- Nemendur fá tækifæri til að útskýra hugmyndir sínar.
- Nemendur fá að koma skoðunum sínum á framfæri.
- Nemendur fá að ræða saman um námsefnið.

Til að bæta stöðu okkar í þessum flokki höfum við ákveðið að taka okkur sérstaklega á því að auka samræður nemenda og kennara um námsefnið. Að kennari standi og kenni er gamla leiðin og spurningin er hvort við séum enn þar. Mikilvægt er að auka meðvitund kennara á því að huga vel að kennsluháttum sem þeir nota við kennsluna. Ein leið til að bæta þennan þátt er að kennara bæti meðvitað hópavinnu og samræðum í kennslu hjá sér.

Agi í tímum

Þessi þáttur er einn af þeim þáttum sem við erum ekki að koma vel út ár eftir ár. Mikilvægt er að gera áttak í þessum málum í skólanum. Þær spurningar sem mæla þessa matsþætti eru:

- Kennari þarf að bíða lengi eftir að nemendur róist.
- Nemendur geta ekki unnið vel.
- Nemendur hlusta ekki á það sem kennari segir.
- Nemendur byrja ekki að vinna fyrir en langt er liðið á kennslustundina.
- Það er hávaði og óróleiki í tímum.

Til að vinna að bætingu í þessum þætti verður lögð sérstök áhersla á Uppeldi til ábyrgðar í skólanum. Gerðar verða fáar en skýrar reglur og viðurlög við þeim.

Eineltismál

Ávallt í skólastarfi þarf að hafa í huga að vera gagnrýnin á allt varðandi einelti og líðan nemenda. Við viljum vinna í skóla þar sem **einelti** þrífst ekki og var þessi matsþáttur því einn af þeim sem við viljum alltaf vera meðvituð um. Við stefnum að og sættum okkur ekki við neitt annað en 100% árangur - ekkert einelti á að líðast í Smáraskóla.

Foreldrakönnun - nemendakönnun

Foreldrakönnun var lögð fyrir foreldra skólans í febrúar. Nemendakönnunin er lögð fyrir nemendur á hverju ári og nær yfir allt skólaárið. Ýmislegt kom þar fram sem stjórnendur og starfsmenn þurfa að taka til skoðunar. Varðandi líðan nemenda bæði í kennslustundum og frímínútum kemur fram marktækur munur á afstöðu foreldra skólans og foreldra nemenda í öðrum skólum. Foreldrar hér telja að nemendum líði almennt verr en í öðrum skólum. Hins vegar kemur fram í nemendakönnuninni að þeim líður betur en foreldrar telja. Mikilvægt er að gera foreldrum grein fyrir þessum niðurstöðum. Rétt er að hafa í huga að þeir foreldrar sem svara eiga nemendur í öllum skólanum en nemendur í 5. – 10. bekk eru að svara nemendakönnuninni.

Það er marktækur munur á ánægju með eineltisáætlunina milli foreldra hér og í öðrum skólum og einnig töluverður munur á öðrum þáttum er tengjast einelti. Hins vegar ber að hafa í huga að fáir eru að svara spurningum sem tengjast eineltinu bæði hér og í öðrum skólum. Sjálfsmatsteymið telur að

Það sé mikilvægt að kynna foreldrum eineltisáætlun skólans í upphafi skólaárs t.d. á námsefniskynningum. Þá er það tillaga að gerð sé á hverju ári t.d. í lok október byrjun nóvember eineltiskönnun í 5. – 10. bekk. Hér að neðan má sjá dæmi um hvernig svona könnun gæti litið út ásamt leiðbeiningum. Starfsmönnum, nemendum og foreldrum séu kynntar niðurstöður og kennarar vinni með þær ábendingar sem koma fram í könnuninni.



Eineltiskönnun

5. – 10. bekkur

Framkvæmd könnunar

Nauðsynlegt er að farið verði yfir eftirtalin atriði áður en könnunin er lögð fyrir:

- Könnunin er nafnlaus og ekki verður undir neinum kringumstæðum reynt að komast að nöfnum svarenda.
- Markmið könnunarinnar er að meta vinnufrið nemenda í skólanum, líðan nemenda og umfang eineltis. Til að niðurstöður verði sem réttastar og hægt sé að bregðast við þar sem þörfin er mest, er mikilvægt að nemendur svari eins vel og heiðarlega og þeir geta.
- Könnunina þarf að lesa yfir með nemendum og brýna fyrir þeim að aðeins megi krossa við einn svarmöguleika nema í spurningu 11 en þar má nota eins marga krossa og hver og einn þarf.
- Mikilvægt er að skilgreina einelti með nemendum áður en þeir taka könnunina. Hér á eftir fylgja þrjár skilgreiningar sem hægt er að velja úr eða nota allar í bland eftir vilja kennara og aldri nemenda.

Einelti - skilgreining 1

Langvarandi ofbeldi, líkamlegt eða andlegt, framkvæmt af einstaklingi eða hópi og bitnar á einstaklingi sem ekki getur varið sig á meðan á því stendur. Þannig má segja að börn sem leggja í einelti notfæri sér vald sitt til þess að meiða, særa eða útiloka aðra. Þjófnaður, líkamsmeiðingar og skemmdarverk eru einnig einkenni eineltis.

Einelti - skilgreining 2

Ofbeldi, líkamlegt eða andlegt, t.d. barsmíðar, hrindingar, stríðni, hótanir, óþægilegar eða illkvittnislegar athugasemdir, höfnun og útilokun (óbeint einelti). Um einelti er að ræða þegar þetta endurtekur sig aftur og aftur og beinist að einstaklingi sem ekki er fær um að verja sig í þeim aðstæðum og veldur það honum andlegri eða líkamlegri vanlíðan. Einelti getur verið stýrt af einstaklingi eða hópi.

Einelti - skilgreining 3

Einelti er ofbeldi eða félagsleg útskúfun sem hefur alvarlegar afleiðingar fyrir þolandann. Einelti á sér stað milli tveggja einstaklinga eða einstaklings og hóps. Í því felst að stríðni snýst upp í kvalræði og útilokun og getur birst í hinum ýmsum myndum:

Munnlegt: Munnlegt ofbeldi getur t.d. verið uppnefni, stríðni eða niðurlægjandi athugasemdir. Þeir sem beita ofbeldinu hvíslast hugsanlega á um fórnarlambið, flissa og hlæja.

Félagslegt: Félagslegt ofbeldi getur birst þannig að barnið er skilið útundan í leik, því ekki boðið í afmælisveislur eða aðrar uppákomur hjá bekkjarfélögum. Barnið er ekki látið vita þegar bekkurinn eða hluti hans ætlar að gera eitthvað skemmtilegt eftir skóla. Barnið þarf að þola svipbrigði, augngotur, þögn eða afskiptaleysi.

Efnislegt: Þegar ofbeldið er efnislegt, er eigum fórnarlambins stolið, t.d. skólabókum, pennaveski, skólatösku, íþróttafatnaði, reiðhjóli, peningum eða þær eru eyðilagðar.

Andlegt: Á sér stað þegar barnið er þvingað til að gera eitthvað sem stríðir algerlega gagn réttlætiskennd þess og sjálfsvirðingu. Það getur verið girt niður um barnið, því skipað í þjónustuhlutverk gagnvart félag/félögum sínum eða það látið eyðileggja eigur annarra, jafnvel skólans.

Líkamlegt: Þegar ofbeldi er líkamlegt er gengið í skrokk á barninu, það barið, klórað, hárreytt eða sparkað í það.

Munnlegt, félagslegt og andlegt ofbeldi er mun útbreiddara en hið efislega og líkamlega. Líklega vegna þess að auðveldara er að dylja það, neita að hafa átt hluta að máli og snúa því upp í þolandann sjálfan.

Úrvinnsla könnunarinnar

Til að niðurstöður verði sem skýrastar er mikilvægt að allir vinni eins úr könnuninni. Dæmi um úrvinnslu á fáeinum spurningum - 26 nemenda bekkur:

Spurning 1: Það er vinnufriður í mínum bekk

15 nemendur eða **58 %** svara að það sé **alltaf** vinnufriður í bekknum

5 nemendur eða **19 %** svara að það sé **oft** vinnufriður í bekknum

5 nemendur eða **19 %** svara að það sé **stundum** vinnufriður í bekknum

Enginn nemandi eða **0 %** svara að það sé **sjaldan** vinnufriður í bekknum

Enginn nemandi eða **0 %** svara að það sé **aldrei** vinnufriður í bekknum

1 nemandi eða **4%** var fjarverandi

Spurning 4: Ég kvíði fyrir frímínútum

4 nemendur eða **15%** svara **játandi**

21 nemandi eða **81%** svara **neitandi**

1 nemandi eða **4%** var fjarverandi

Spurning 11: Hvar á einelti sér stað?

3 nemendur eða 12% svara að einelti fari fram í skólastofunni

8 nemendur eða 31% svara að einelti fari fram á göngum og klósettum

4 nemendur eða 15% svara að einelti fari fram í matsalnum

1 nemandi eða 4% svara að einelti fari fram í frímínútum

4 nemendur eða 15% svara að einelti fari fram á leiðinni í og úr skóla

3 nemendur eða 12% svara að einelti fari fram á heimasíðum nemenda

6 nemendur eða 23% svara að einelti fari fram með msn skilaboðum

4 nemendur eða 15% svara að einelti fari fram í búningsklegfum í sundi

5 nemendur eða 19% svara að einelti fari fram í búningsklefum í leikfimi

Um þá nemendur sem nefndir eru sem gerendur og/eða þolendur verður rætt um á deildafundi þann ?.

Helstu niðurstöður

Tölulega úrvinnslu skal færa inn á excel skjal og senda til deildarstjóra viðkomandi stigs. Excel skjalið er að finna inn á sameign í eineltismöppu.

Kennarar kynna svo niðurstöðu úr sínum umsjónarþekk á kennarafundi þann ?

Trúnaðarmál

Spurningalisti um vinnufrið, líðan, vináttu og einelti

Bekkur: _____ () Stelpa () Strákur

1. Það er vinnufriður í mínum bekk:

Alltaf Oft Stundum Sjaldan Aldrei

2. Mér líður vel í bekknum mínum:

Alltaf Oft Stundum Sjaldan Aldrei

3. Ég kvíði fyrir því að fara í skólann:

Alltaf Oft Stundum Sjaldan Aldrei

4. Ég kvíði fyrir frímínútum:

Alltaf Oft Stundum Sjaldan Aldrei

5. Ég á vin/vinkonu í bekknum mínum: Já Nei

6. Ég er útundan í bekknum mínum: Já Nei

7. Ég veit af einelti í skólanum: Já Nei

8. Ég tek þátt í að leggja aðra í einelti: Já Nei

9. Ég er lagður/lögð í einelti: Já Nei

10. Ég læt vita ef verið er að leggja einvern í einelti:

Já Nei

11. Hvar á einelti sér stað í skólanum?

- Í skólastofunni
- Á göngum og klósettum
- Í matsalnum
- Í frímínútum
- Á leið í skóla
- Á leið heim úr skóla
- Facebook
- Snapchat
- Í sundi
- Í búningsklefa eða sturtum í sundi
- Í leikfimi
- Í búningsklefa eða sturtum í leikfimi
- Annars staðar – hvar? _____

12. Hvað heita krakkarnir sem lagðir eru í einelti?

13. Hvað heita krakkarnir sem leggja aðra í einelti?

Segið frá ef þið **vitið** um slík mál. Stöndum saman um eineltislausan skóla.

Aðgát skal höfð í nærveru sálar